

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar vegna flugþjónustusvæðis FLE2.

Skipulagsstofnun staðfesti, 14. janúar 2019, breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013-2030 sem samþykkt var í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar og hjá Landhelgisgæslunni 9. nóvember 2018.

Í breytingunni felst að heimila aukið byggingarmagn á flugþjónustusvæði FLE2 úr 65.000 m<sup>2</sup> í 190.000 m<sup>2</sup>. Breyting á töflu 3.5 í greinargerð aðalskipulagsins, sbr. kafla 2.1.2 í skipulagstillögu, gerir ráð fyrir að byggingarheimildirnar falli undir flugtengda starfsemi en að svokölluð önnur uppbygging (hótel o.fl.) verði óbreytt.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 14. janúar 2019.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

*Ottó Björgvin Óskarsson.*